



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Gullborg

2025– 2026



Framtíðarsýn skóla- og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	4
3	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	7
4	Innra mat deilda 2024-2025	10
4.1	Regnbogadeild	10
4.2	Grænadeild	10
4.3	Rauðadeild	11
4.4	Bláa deild 2-3 ára	12
4.5	Sérkennsla	13
5	Umbótaáætlun 2024-2025 (takið afrit af töflunni fyrir hvern umbótapátt)	14
5.1	Regnbogadeild 4/5 – 6 ára	14
	Regnbogadeild 4/5 – 6 ára	14
5.2	Grænadeild 4-5 ára	18
5.3	Rauðadeild 3 – 4 ára	21
5.4	Bláa deild 2-3 ára	24
5.5	Guladeild 2-3 ára	26
5.6	Sérkennsla	29
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans.	33
7	Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva stutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans.....	34
8	Foreldrasamvinna.....	34
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	36
10	Fylgiskjöl	36





1 Greinargerð leikskólastjóra

Það sem hefur einkennt leikskólastarf Gullborgar veturinn 2024-2025 er lærdómssamfélag, samvinna og gleði. Lærdómssamfélagið hefur einkennst af samstarfi og þróunarverkefnum við nærsamfélagið í innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur og Barnasáttmálans. Frá því að Menntastefnan leit dagsins ljós árið 2018 þá hafa Gullborg, Grandaborg og Ægisborg verið í samstarfi um að elstu börn leikskólanna tengist félagslega í gegnum starf leikskólanna og að þau eflist sem fullgildir þátttakendur í lærdómssamfélagi áður en að þau byrja í sama hverfisgrunnskóla. Þessir fjórir skólar eru saman í Erasmus verkefni ásamt fjórum skólum frá Stokkhólmi. Fyrirkomulag fræðslunnar og umræður hafa verið á sameiginlegum skipulagsdögum, fundum og daglegri umræðu og handleiðslu til starfsfólks. Í október fengum við svo heimsókn frá Svíþjóð, þá komu kennarar, skólastjórnendur, leiklistarkennari og starfsfólk frá Kungsholmen. Í þrjá daga voru tveir kennarar frá Svíþjóð hér hjá okkur í leikskólanum. Þessi samvinna hefur skilað sér í mikilli ígrundun hjá starfsfólki varðandi eigið starf og leikinn hjá börnunum. Þetta verkefni hefur staðið yfir í tæp þrjú ár og sjáum við breytingu á þekkingu starfsfólks á hlutverki sínu í leik og starfi. Einnig vorum við á fyrirlestri hjá Robert Lecusay þann 2. apríl en hann er prófessor við háskólann í Stokkhólmi varðandi leikjaverkefnið. Nú á vordögum fóru þrír fulltrúar frá hverjum þessara skóla í heimsókn til Stokkhólms og voru okkar kennarar í þrjá daga inni á leikskólum í Kungsholmen. Mikil ígrundun og nærandi ferð fyrir alla aðila. Gullborg, Laugasól, Grandaborg og Ægisborg ásamt HÍ og SFS fengu úthlutað styrk og munum við halda áfram í leikjaverkefninu, þó með öðrum áherslum.

Gullborg varð réttindaskóli UNICEF í júní 2024, starfsfólk hefur viðhaldið því sem felst í að vera réttindaskóli og er lýðræði barna okkur mikils virði. Ávinningur fyrir börn í leikskólum er að starfshættir í leikskólunum taki mið af Barnasáttmálanum og að börnin fái tækifæri til að vera sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun. Skólaárið 2024-2025 einkenndist af gleði starfsfólks og frábærri samvinnu okkar allra.

Rannveig Anna Ólafsdóttir leikskólastjóri.





2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Innra mat

Hvað var metið?	Stjórnunarhættir
Hvernig fór matið fram?	Starfsmannakönnun
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allir starfsmenn Gullborgar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Góðir stjórnunarhættir, frábært starfsfólk, góður starfsandi og gott stjórnunarteymi. Alltaf hægt að gera betur og stefnum við að því.
Hvað var metið?	Uppeldis- og menntunarstarf
Hvernig fór matið fram?	Deildafundir, Deildarstjórafundir, samvinna með öðrum skólum, HÍ og SFS
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allir starfsmenn Gullborgar. Einnig börnin á deildum.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Þróunarstarfið hefur gengið mjög vel og eru áætluð áfram næsta vetur. Fengum styrk til að halda áfram.
Hvað var metið?	Félagshæfni og sjálfsefning
Hvernig fór matið fram?	Deildafundir, fundir með 3 öðrum leikskólum og starfsfólk HÍ og SFS
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allir starfsmenn Gullborgar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Höldum áfram að vinna að sjálfsefningu og félagsfærni barna, efla leikinn og þátttöku starfsfólks í leik barna.
Hvað var metið?	Mannauður leikskólabragur
Hvernig fór matið fram?	Starfsmannakönnun, starfsmannafundir
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsmenn Gullborgar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Sterkur hópur starfsfólks í Gullborg, góð samskipti og samvinna.






Ytra mat


Gullborg tók þátt í viðhorfskönnun Stofnunar ársins 2024. Þátttaka hjá leikskólanum var mjög góð og fengum við viðurkenningu sem fyrirmyndarstofnun (25-49 starfsmenn). Gullborg lenti í 2. sæti. Sýnir þetta að við erum á góðum stað varðandi starfsumhverfi, stjórnun og almenna líðan starfsfólks í vinnu.

Helstu niðurstöður - Samanburður þátta við Reykjavíkurborg og starfsstöðvar á sama sviði



Helstu niðurstöður - Þættir

Leikskólinn Gullborg



Einnig var send út könnun til foreldra og þar stendur Gullborg sig vel.







Hæstu og lægstu 5 meðalskor

Fimm hæstu meðalskor leikskólans 2025 í samanburði við Reykjavík

● Meðaltal ● Meðaltal Reykjavík



Fimm lægstu meðalskor leikskólans 2025 í samanburði við Reykjavík



Leikskóli

Gullborg

Barninu líður vel

100,0%

2023: 92,4%

Barninu er öruggt

100,0%

2023: 97,0%

Styður þarfir barns

100,0%

2023: 98,5%

Notalegt andrúmsloft

100,0%

2023: 97,0%

Skólanum vel stjórnað

96,9%

2023: 91,9%

Ánægja með skólann

100,0%

2023: 95,4%

Hlutfall sem segist hafa fengið viðbótar stuðning

19,8%





3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Þeir þættir sem eru metnir yfir allan leikskólann í heild sinni. Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna .

Einnig skal taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótapáttur/matspáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Árangursríkir stjórnunarhættir
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Góðum árangri í stjórnun
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Deila ábyrgð, stuðla að vellíðan kennara og barna og góð samskipti.
Ábyrgð	Leikskólastjóri, aðstoðar-leikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjóra
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst ágúst 2025 og lýkur maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Starfsmannakönnun, foreldrafundir og starfsmannfundir.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að í leikskólanum ríki jafnræði og lýðræði og samvinna sem stuðli að almennri vellíðan í starfi og til barna.
Umbótapáttur/matspáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Leikurinn/Þróunarverkefni





Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að efla leikinn sem námsleið fyrir börn, með áherslu á hlutverk, stuðning og ígrundun kennara og annars starfsfólks, námsumhverfis sem styður við leik og að börnin hafi tækifæri til að læra hvert af öðru.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Í samstarfi við HÍ, SFS, Ægisborg, Laugasól Grandaborg
Ábyrgð	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í ágúst 2025 Áætluð verklok maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Skráningar, samræður á milli starfsfólks og annara sem taka þátt í verkefninu.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Auka þekkingu starfsfólks á leik barna og efla þátttöku þess í leiknum, að efla félagsfærni barna.
Umbótapáttur/matspáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Mannauður/leikskólabragur
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að vellíðan starfsfólks og að á leikskólanum starfi áhugasamir kennarar með hag barna að leiðarljósi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Með því að deila ábyrgð, lærdómssamfélagi, jákvæðni og góðum samskiptum og vinnu á milli deilda.
Ábyrgð	Allir starfsmenn Gullborgar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í ágúst 2025 og á alltaf við.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Starfsmannakönnun og aðrir almennir fundir/starfsdagar á leikskólanum.





Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Allt starfsfólk vinni saman að sameiginlegu markmiði, þ.e. að vellíðan starfsfólks og vellíðan barna og foreldra þeirra.
--	---





4 Innra mat deilda 2024-2025

4.1 Regnbogadeild

Styrkleikar

Starf deildarinnar í vetur hefur einkenst af áhuga og metnaði starfsfólks til að viðhalda frábæru skólastarfi Gullborgar. Leikurinn hefur fengið að vera í forgrunni menntunar barnanna og hefur þekking, viðhorf og áhugi kennara aukist samhliða aukinni fræðslu á þessari námsleið. Okkur hefur gengið vel að vinna í nánast öllum þáttum umbótaáætlunar síðastliðins vetur og viljum halda þeim flestum inni í næstu umbótaætlun okkur til hvatningar um að gera enn betur fyrir þann hóp sem hefur nám á Regnbogadeild næsta skólaár.

Tækifæri

Sá þáttur í umbótaáætluninni sem við sjáum tækifæri til að bæta okkur í er þátturinn um ferilmöppurnar. Þar höfðum við setta okkur það markmið að aðkoma barnanna yrði meiri en við vorum sammála um að þar hefðum við getað gert betur núna á nýliðnum vetri. Við höldum því þeim þætti inni og erum strax farin að huga að hvernig við getum bætt okkur í þeirri vinnu.

4.2 Grænadeild

Styrkleikar

Starf deildarinnar í vetur gekk prýðilega þar sem starfsfólk vann bæði vel saman og styrkleikar hvers og eins voru vel nýttir.

Leikurinn var í stóru hlutverki þar sem börnin fengu tækifæri að læra í gegnum leik að eigin frumkvæði og áhuga. Þar mætti taka fram málörvun, samskipti, leysa úr ágreiningi og notkun hugtaka.

Okkur gekk nokkuð vel að vinna í flestum þáttum sem voru í umbótaáætluninni og ætlum ekki að breyta henni mikið fyrir næsta vetur. Við viljum halda áfram með þessa þætti og gera enn betur næsta vetur.





Tækifæri

Við hefðum getað byrjað fyrr á sumum verkefnum sem við vorum með í vetur eins og Barnasáttmálanum og Lubba en verkefnin gengu samt vel þegar þau voru komin af stað. Eins að passa upp á að gera allar skráningar jafnóðum.

4.3 Rauðadeild

Styrkleikar

Starf deildarinnar í vetur hefur einkennst af góðum anda, samstarfi og virku framlagi allra starfsmanna. Við lögðum sérstaka áherslu á leikinn sem námsleið og sköpuðum umhverfi þar sem börn fá svigrúm til að kanna, prófa og læra í gegnum eigin áhuga og frumkvæði. Við höfum unnið markvisst með Barnasáttmálann, haldið reglulega deildarfundi og nýtt skráningar til að fylgjast með framförum barnanna.

Tækifæri

Við sjáum tækifæri til að styrkja þátt barnanna í vinnu með ferilmöppurnar. Við viljum auka sjálfstæði þeirra og þátttöku með því að gefa þeim meira rými til að velja sjálf hvað þau vilja setja í möppurnar sínar og hvers vegna.





4.4 Bláa deild 2-3 ára

Styrkleikar

Starf deildarinnar í vetur gekk mjög vel og var allt starfsfólk deildarinnar opið fyrir mismunandi verkefnum og þeim sinnt með sóma. Það sem einkenndi starfið á bláu deild á þessu skólaári var opið dagskipulag þar sem leikurinn var í aðalhlutverki.

Tækifæri

Þau tækifæri sem við sjáum er að byrja fyrr á verkefnum eins og barnasáttmálanum og gera skráningar jafn óðum.

4.5 Gula deild 1-2 ára

Styrkleikar

Starfið inn á deild seinasta vetur gekk vel og leikur barna var í stóru hlutverki.

Við unnum mikið í að hjálpa þeim að koma sér í leik og efla sjálfstæði þeirra og við einbeitum okkur líka mikið í að bæta málörvunina þeirra í gegnum leikinn.

Tækifæri

Þau tækifæri sem við sjáum er að byrja fyrr með öll verkefni, gefa okkur meira tíma í að undirbúa ferilmöppurnar og halda áfram að vera til staðar í leik barna þar sem það hjálpar að efla sjálfstæði og málþroskann þeirra.



4.6 Sérkennsla

Styrkleikar

Starf sérkennslu hefur gengið vel þennan síðastliðinn vetur. Við höfum verið svo heppin að hafa þrjá til fjóra starfsmenn sem sinna börnum innan sérkennslunnar. Í stuðningi hafa tveir til þrír starfsmenn verið og svo er einn starfsmaður sem er fastur í málörvun. Þetta er góður og fjölbreyttur mannauður sem hefur sinnt starfi sínu virkilega vel og hefur hver og einn haft mikinn metnað fyrir vinnu sinni með börnunum og í að ná framförum með þeim. Við tókumst á við mörg og fjölbreytt verkefni í sameiningu og erum við virkilega ánægð með þá vinnu sem við höfum lagt á okkur þennan vetur.

Síðasta umbótaáætlun skiptist í tvennt, annars vegar umbótaáætlun sérkennslu og hins vegar umbótaáætlun – fjöltyngi. Vinna við flest alla umbótaþætti síðastliðinn vetur hefur gengið vel. Við viljum þó halda þeim öllum inni áfram þar sem þetta eru þættir sem eiga alltaf við og vinna í tengslum við þá hættir aldrei.

Tækifæri

Við sjáum tækifæri í því að kynna okkur Hæfniramma fyrir fjöltyngd börn í leikskóla betur og eiga þar með möguleikann á því að notast við þá ef þurfa þykir.

Við þurfum að mynda fjölmenningatrymi fyrir leikskólann. Þar er þörf fyrir úrbætur hjá okkur. Við höfum ekki náð að koma virku trymi á köppinn.

Við sjáum líka tækifæri í því að Gefðu 10 sé mun markvissara notað inni á öllum deildum fyrir þau börn sem á þurfa að halda.

Í vetur höfum við í sérkennslunni reynt að halda reglulega fundi jafnt og þétt yfir veturinn. Við værum til í að efla það og ná að halda fundi einu sinni í mánuði.



5 Umbótaáætlun 2024-2025

5.1 Regnbogadeild 4/5 – 6 ára

Regnbogadeild 4/5 – 6 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Viðhorf og hlutverk starfsfólks í leik barna
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Vera til staðar í leik barna og nýta þau tækifæri sem gefast til þátttöku í leiknum
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Starfsfólk prófi sig áfram í þátttöku í leik og taki að sér ólík hlutverk
Ábyrgð	Allir starfsmenn deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Á alltaf við
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Ræða reglulega saman á deildarfundum. Leikskráningar.

Regnbogadeild 4/5 – 6 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Uppeldis og menntunarstarf - leikurinn
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að leikurinn fái meiri rými og tíma og að leikurinn verði metinn sem aðalnámsleið barna
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Passa upp á næði barna í leik, tíma og rými. Horfa á styrkleika hvers barns
Ábyrgð	Allir starfsmenn deildarinnar





Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Á alltaf við
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Samtal á deildarfundum og rýnihópar barna

Regnbogadeild 4/5 – 6 ára

Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Uppeldis- og menntunarstarf - Leikurinn
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að auka fjölbreytni í leik barna
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að glæða leikinn meira lífi með fjölbreyttari efnivið. Vera óhrædd við að nota verðlausan efnivið og blanda saman ólíku leikefni
Ábyrgð	Allir á deildinni
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Á alltaf við
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Samtal á deildarfundum, í daglegu starfi og í rýnihópum barna.

Regnbogadeild 4/5 – 6 ára

Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Uppeldis- og menntastarf - Ferlimöppur
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Auka aðkomu barna að ferilmöppum sínum





Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hafa möppur aðgengilegar börnunum og hafa þau meira með í skráningum og hvað fer í möppurnar
Ábyrgð	Allir á deildinni
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Á alltaf við
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fara yfir á deildarfundum og í samtölum við börnin

Regnbogadeild 4/5 – 6 ára

Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Uppeldis- og menntastarf - Málörvun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Aukin þekking barna á tungumálinu og beitingu þess
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Æfa og lesa þyngri texta í söng og bókalestri. Orðaspjall. Lubbastundir og æfingar í hljóðkerfisvitund
Ábyrgð	Allir á deildinni
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Á alltaf við
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Ræða á deildarfundum, Hljóm-2 skimun.

Regnbogadeild 4/5 – 6 ára

Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Uppeldis- og menntastarf - Málörvun
---	-------------------------------------





Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Festa regluna Gefðu 10 í sessi í starfi okkar
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hafa markviss og fyrirsjáanlegt hvaða börn falla undir þetta og hvenær.
Ábyrgð	Allir á deildinni
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Á alltaf við
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Samtöl á deildarfundum, Hljóm – 2 skimun.

Regnbogadeild 4/5 – 6 ára

Umbótapáttur/matspáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Uppeldis- og menntastarf
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að viðhalda réttindaskóla viðurkenningu UNICEF
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vera með virkt réttindaráð barna, hugmyndakassinn sé virkur og vinna með verkefnaheftið
Ábyrgð	Allir starfsmenn deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Unnið að þessu allt skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Samtöl og rýnihópar barna. Deildarfundir





5.2 Grænadeild 4-5 ára

Grænadeild 4 – 5 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Markviss málörvun.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að efla hljóðkerfis- og málvitund barna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vinna markvisst með málörvun með því að lesa, syngja spila og leika með börnunum. Notast við Lubba.
Ábyrgð	Allir starfsmenn.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Umræður á deildarfundum.

Grænadeild 4 – 5 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Barnasáttmálinn
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Auka þekkingu barna á réttindum sínum og gera barnasáttmálann sýnilegri á deildinni.





Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vinna markvisst með Barnasáttmálann og að starfsfólk tileinki sér hugtök úr honum í daglegu starfi. Nota verkefnaheftið.
Ábyrgð	Deildarstjóri og umsjónarmaður verkefnisins.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September til maí.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Skráningar og stöðumat.

Grænadeild 4 – 5 ára

Umbótapáttur/matspáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Skráningar-ferilmöppur
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að gera skráningar reglulega.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Setja niður hvaða skráningar við viljum hafa í möppunum og gera þær jafnóðum.
Ábyrgð	Deildarstjóri ber ábyrgð en allir starfsmenn eru meðvitaðir um möppurnar og hafa tækifæri að setja skráningar þar inn.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Fara yfir á deildarfundi.





(t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	
---	--

Grænadeild 4 – 5 ára

Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Deildarfundir
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að halda deildarfundi reglulega.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að deildarfundir séu haldnir reglulega. Þar sem starfsfólk fær tækifæri til að ræða starf deildarinnar.
Ábyrgð	Deildarstjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September til maí.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fundargerðir.

Grænadeild 4 – 5 ára

Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Hlutverk kennara í leik
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að starfsfólk taki virkan þátt í leik barna.





Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Starfsfólk prófar að taka ólík hlutverk í leik barna.
Ábyrgð	Allir starfsmenn á deildinni.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September til maí.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Samræður á deildarfundum.

5.3 Rauðadeild 3 – 4 ára

Rauðadeild/3 – 4 ára	
Umbótapáttur/matspáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Barnasáttmálinn
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Aukin þekking barna á réttindum sínum
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Markviss vinna tengd Barnasáttmálanum. Nota verkefnahefti. Starfsfólk tileinkar sér hugtök úr barnasáttmálanum í daglegu starfi.
Ábyrgð	Deildarstjóri og umsjónarmaður verkefnisins
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September - Júní
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Skráningar og stöðumat





Rauðadeild/3 – 4 ára

Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Efla hljóðkerfis- og málvitund barna
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Markviss vinna með Lubba í Lubbastundum, málörvun í gegnum leik, spil, lestur bóka og önnur fjölbreytt málörvun.
Ábyrgð	Allir starfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September - Júní
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Umræður á deildarfundum og skráningar

Rauðadeild/3 – 4 ára

Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Skráningar-ferilmöppur
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að gera skráningar reglulega
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Setja niður hvaða skráningar við viljum hafa í möppunum
Ábyrgð	Allir starfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September - Júní
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fara yfir á deildarfundi





Rauðadeild/3 – 4 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Hlutverk kennara í leik barna
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að starfsfólk taki virkan þátt í leik barna
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Starfsfólk prófar að taka ólík hlutverk í leik barna. Starfsfólk prófar sig áfram í að taka hlutverk í hlutverkaleiknum
Ábyrgð	Allir starfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September - Júní
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Samræður á deildarfundum Skráningar

Rauðadeild/3 – 4 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Reglulegir deildarfundir
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Deildarfundir settir í forgang
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Deildarfundir séu haldnir 2x í mánuði. Að deildarfundir séu skipulagðir af deildarstjóra og þar fái starfsfólk tækifæri til að tala saman um starf deildarinnar.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September - Júní





Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fundargerðir deildarfunda
--	---------------------------

5.4 Bláa deild 2-3 ára

Bláa deild 2 – 3 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Efla málþroska barnanna og hljóðkerfisvitund þeirra
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Málörvun í gegnum leik barna, lestur bóka, söngur í samverustundum og spil. Einnig hafa skipulagðar Lubba stundir.
Ábyrgð	Allir starfsmenn deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Umræður á deildarfundum

Bláa deild 2 – 3 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Barnasáttmálinn
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Gera vinnu barnasáttmálans sýnilegri á deildinni ásamt því að upplýsa börnin um þeirra réttindi.





Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Markviss vinna með barnasáttmálann á deildinni. Verkefnaheftið notað bæði fyrir verkefnin sem og fyrir hugmyndir að umræðum með börnunum
Ábyrgð	Deildarstjóri og sá starfsmaður sem er umsjónarmaður Barnasáttmála verkefnisins á deildinni
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September til maí
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Skráningar og stöðumat

Bláa deild 2 – 3 ára

Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Ferilmöppur og skráningar
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Gera skráningar í ferilmöppum reglulegri
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Kynna ferilmöppurnar fyrir börnunum og fá þau til að taka þátt í því sem í þær fer. Fara yfir hvaða skráningar við viljum að fari í ferilmöppurnar og spyrja hvað börnin vilja setja í þær.
Ábyrgð	Deildarstjóri fer með ábyrgð en allir starfsmenn deildarinnar meðvitaðir um ferilmöppurnar og tækifærin til þess að setja skráningar í þær
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Umræður á deildarfundum





Bláa deild 2 – 3 ára

Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Hlutverk kennara í leik barna
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Starfsfólk taki virkan þátt í leik barna
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Starfsfólk taki sér hlutverk í hlutverkaleik barna og verði þátttakandi í þeirra leik
Ábyrgð	Allir starfsmenn deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Umræður á deildarfundum. Skráningar

5.5 Guladeild 2-3 ára

Guladeild/1-2 ára

Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að efla hljóðkerfis- og málvitund barna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vinna með málörvun í gegnum leik barna, samveru, söngstund, Lubba og með því að lesa bækur.
Ábyrgð	Allir starfsmenn.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Umræður á deildarfundum.





(t.d. könnun, rýnihópur, fundir,
viðtal við börn)

Guladeild/1-2 ára

Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)

Barnasáttmálinn

Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?

Auka þekkingu barna á réttindum sínum og gera barnasáttmálann sýnilegri á deildinni.

Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?

Nota leikinn til að kynna hvað réttindi er og hvaða réttindi þau eiga.

Ábyrgð

Deildarstjóri og umsjónarmaður verkefnisins.

Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?

Allt skólaárið.

Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)

Skráningar og stöðumat.

Guladeild/1-2 ára

Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)

Skráningar-ferilmöppur

Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?

Að gera skráningar reglulega og fara yfir þær.

Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?

Setja niður hvaða skráningar við viljum hafa í möppunum og leyfa börnunum að taka þátt í þeim.

Ábyrgð

Deildarstjóri og starfsmenn deildar fara yfir verkefni sem eiga fara í möppurnar og starfsmaðurinn sem er með hvert verkefni sér um skráningarnar á því.





Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fara yfir á deildarfundi.

Guladeild/1-2 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Sjálfsfelling
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Sjálfsfelling barna í daglegu starfi og í samstarfi með foreldrum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hvetja börnin að gera hluti sjálf (matsalur, fataklefi, útivera, klósettferðir)
Ábyrgð	Allir starfsmenn.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September-maí.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Starfsfólk skráir árangur og breytingar yfir veturinn og aðstoðar börnin við að öðlast meira sjálfstæði.

Guladeild/1-2 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Þátttakandi í leik barna
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að starfsfólk taki virkan þátt í leik barna og styðji hann.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Búa til betri aðstæður fyrir ákveðinn leik og hjálpa börnum að halda áfram í leiknum.





Ábyrgð	Allir starfsmenn á deildinni.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September til maí.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Samræður á deildarfundum og fylgjast með barnahópnum.

5.6 Sérkennsla

Sérkennsla	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Einstaklingsáætlanir
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að notast sé við einstaklingsáætlun í vinnu með börnum með stuðning.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að unnin sé einstaklingsáætlun á 6-8 vikna fresti í samstarfi með foreldrum fyrir öll börn með stuðning.
Ábyrgð	Deildarstjóri og sérkennslustjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í ágúst 2025 og á alltaf við.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á 6-8 vikna fresti með nýrri einstaklingsáætlun. Þar sem allt starfsfólk leikskólans ásamt foreldrum er meðvitað um vinnu með einstaklingsáætlun.

Sérkennsla	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Sjónrænt dagskipulag
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að sjónrænt dagskipulag sé sýnilegt inni á öllum deildum.





Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Samræma dagskipulag svo allar deildir séu að notast við sömu myndir.
Ábyrgð	Deildarstjóri og sérkennslustjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2025 og á alltaf við.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Að dagskipulagið verði sýnilegt innan veggja leikskólans. Þar sem allt starfsfólk er meðvitað um mikilvægi sjónræns dagskipulags.

Sérkennsla

Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Gefðu 10
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að allt starfsfólk leikskólans tileinki sér Gefðu 10.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að allt starfsfólk sé meðvitað um að vinna eigi með Gefðu 10 innan leikskólans. Hver og einn skráir hjá sér þegar viðkomandi hefur framfylgt sínum 10 mínútum fyrir hvert fyrir fram ákveðið barn sem unnið er með þá vikuna.
Ábyrgð	Deildarstjóri og sérkennslustjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2025 og á alltaf við.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið í lok hverrar viku með þar til gerðum skráningarblöðum sem starfsfólk fyllir út. Sérkennslustjóri heldur utan um skráningarblöð og veitir handleiðslu til þeirra sem þess þurfa.

Sérkennsla

Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf,	Fjölmenningatrymi
---	-------------------





mannauður/leikskólabragur, innra mat)	
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Stofna fjölmeningarteymi í leikskólanum
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fá það starfsfólk með okkur í lið sem hefur áhuga og vill vera í fjölmeningarteymi leikskólans
Ábyrgð	Sérkennslustjóri og leikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2025 og á alltaf við
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	

Sérkennsla

Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Þekkja Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að starfsfólk kynni sér Hæfniramma og læri að vinna með þá
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að starfsfólk lesi sig til um vinnu með Hæfniramma.
Ábyrgð	Deildarstjórar og sérkennslustjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2025 og á alltaf við
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	





Sérkennsla	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Að unnið sér markvisst með orðaforða barna eftir getu og aldri
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að orðaforði og tjáning barna aukist miðað við aldur barna
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Með því að notast við Gefðu 10, lestu bóka, almenn samskipti. Íhlutun og samtöl í leik og starfi. Markvisst sé unnið með dýpkun orðaforða. Efla samvinnu við foreldra/forráðamenn
Ábyrgð	Allt starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2025 og á alltaf við
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Að barn sýni framfarir í málþroska

Sérkennsla	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Innleiðing lausnateymis í leikskóla (Vantaði inn sem umbótaþátt fyrir síðasta skólaár)
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Innleiðing lausnateymis hófst skólaárið 2023-2024. Áframhaldandi vinna við innleiðingu var fyrir skólaárið 2024-2025 og mun halda áfram fyrir komandi skólaár.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Lausnateymi var stofnað innan leikskólans skólaárið 2024-2025.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri og aðrir stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Innleiðing hófst á síðasta skólaári. Formlega hófum við fasta lausnateymisfundi skólaárið 2024-2025.





Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið með því að halda reglulega fundi á um 8 vikna fresti eða með styttra eða lengra millibili allt eftir þörfum.
--	--

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í október 2024 og mars 2025. Markmiðið með þróunarsamtölum er að starfsmenn setji sér markmið varðandi starfið sem þeir vinna á leikskólanum. Einnig hvernig þeim líður í starfi, hvernig þeir upplifa starfsandann, starfsaðstöðu og samskipti við aðra.

Fræðsla og þróun í starfi hefur verið mikil þar sem við erum að taka þátt í þróunarverkefni Leikur, nám og gleði. Í því verkefni erum við í samstarfi við leikskólann Ægisborg, Laugasól og Grandaborg. Einnig er Anna Magnea Hreinsdóttir frá HÍ og Kristín Hildur Ólafsdóttir frá SFS með okkur í þessu verkefni. Við höfum verið á starfsfundum með þessum skólum í vetur. En við hittumst 11. september 2024, vikuna 8-11. október 2025 komu Svíarnir til okkar og þann 10. október var ígrundun og verkefni í Herkastalanum. 13. nóvember 2024 í Laugasól. 21. janúar 2025 í Gullborg, 19 febrúar 2025 í Hagaborg. 27. febrúar 2025 hittumst við í Háskóla Íslands á kynningu á áframhaldandi samstarfi og þar kynntum við verkefnið okkar. Í framhaldi af því hlutum við styrk til að halda verkefninu áfram, þó með öðrum áherslum á leik barna. 2. apríl 2025 hittumst við í Stapa húsnæði Háskóla Íslands. Í maí fóru þrír starfsmenn frá leikskólanum ásamt öðrum starfsmönnum frá hinum skólunum til Stokkhólms.

Einnig tók leikskólinn þátt í Lærdómssamfélagi um leikinn. Það voru fimm starfsmenn af deildum sem sóttu lærdómssamfélagið. Fundirnir voru haldnir í Kerhólum fyrir áramót. 15. október, 6. nóvember og 4. desember 2024. 29. janúar 2025 hittist hópurinn í Gullborg, 26 febrúar 2025 í leikskólanum Ösp og 2. apríl í Vindheimum. Saga Stephensen sá um þetta verkefni og var starfsfólkið mjög ánægt með lærdómssamfélagið og lærði mikið á þessu samstarfi.





7 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva stutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans.

Samstarf Grandaskóla, Ægisborgar og Gullborgar hefur verið virkt í vetur og gengið mjög vel. Það voru skipulagðar heimsóknir í Grandaskóla eftir áramót en samstarfið var smá slitrótt fyrir áramót þetta árið. Leikskólanum var boðið á jólaleikrit Grandaskóla.

Grandaskóli 43 nemendur, 3 hópar Gullborg 32 nemendur, 2 hópar Ægisborg 23 nemendur, Leikskólanemendur heimsækja Grandaskóla, labba um skólann í fylgd stjórnenda og enda á bókasafni, skoða bækur og spjalla við 1. bekkinga, u.þ.b. 40 mín. 14. febrúar – föstudagur kl. 9 hópur frá Gullborg kl. 10 hópur frá Gullborg 17. febrúar – mánudagur kl. 9 Ægisborg 27. mars, fimmtudagur Leikskólanemendur koma í íþróttatíma í Grandaskóla. 8:30 1. ÞÍ og Gullborg 9:10 1. JBP og Gullborg 10:10 1. GÞV og Ægisborg 4. apríl, kl. 14:00 í Grandaskóla Samráðsfundur þar sem kennarar í 1. bekk og kennarar frá leikskólum skipuleggja skóladag sem verður í maí. Þá er stefnt að því að vinna sameiginlegt verkefni, Blómin á þakinu, skólinn gerir grunninn og blokkina og leikskólinn gerir blóm og dýr sem nemendur koma með á skóladaginn. Þetta samstarf mun vonandi halda áfram veturinn 2025-2026.

8 Foreldrasamvinna

Foreldraráð í Gullborg er starfandi foreldraráð samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla frá 2008. Kosið er í foreldraráð á aðalfundi foreldrafélags Gullborgar á haustin og skulu að lágmarki sitja þrír foreldrar í ráðinu. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir um hlutverk og markmið leikskóla og nefnda sbr. 2. mgr. 4. gr., úr Aðalnámskrá leikskóla og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. Foreldrafélag er starfandi í Gullborg. Allir foreldrar eru meðlimir í foreldrafélagi Gullborgar. Á kynningarfundum fyrir foreldra á haustin eru kosnir 2 fulltrúar foreldra af hverri deild, þeir





kjósa sér formann, gjaldkera og ritara. Leikskólastjóri og einn starfsmaður sitja fundina eftir þörfum. Stjórn foreldrafélagsins fundar síðasta miðvikudag hvers mánaðar, eða með tölvupóst samskiptum og Facebook. Markmið félagsins er að vinna að sameiginlegum hagsmunum barna, foreldra og starfsfólks og efla tengsl foreldra við leikskólann. Einnig að styðja við ýmis málefni varðandi starfsemina og standa að uppákomum sem eru börnum, foreldrum og starfsfólki til gagn og gamans. Kynningarfundur fyrir foreldra á leikskólastarfinu veturinn 2025-2026 verða að hausti 2025 frá kl. 9.30-10.30. Leikskólastjóri, deildarstjóri og annað starfsfólk svara fyrirspurnum foreldra í formi skemmtilegra umræðna.





9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Föstudagur 22. ágúst 2025 skólasetning í grunnskóla og starfsárið skipulagt.

Fimmtudagur 2. október 2025 sameiginlegur starfsdagur með grunnskólum (menntakvika).

Föstudagur 28. nóvember 2025 unnið í leikskólanum, undirbúningur fyrir árið 2026.

Föstudagur 2. janúar 2026 unnið í leikskólanum og foreldraviðtöl undirbúin.

Föstudagur 6. febrúar 2026 sameiginlegur starfsdagur (dagur leikskólans/ráðstefna).

Mánudagur 4. maí 2026 sameiginlegur starfsdagur með grunnskóla.

Leikskóladagatal er í fylgiskjali.

10 Fylgiskjöl



Afrit af 251_6.2
skoladagatal-2025-2

F. h. leikskólansGullborg.....

Rannveig Anna Ólafsdóttir

Leikskólastjóri

06.06.2025

Dagsetning





Fylgiskjal

Starfsáætlun 2024 – 2025 Gullborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Eyrún Björg Guðmundsdóttir

Björn Þór Björnsson





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já, starfsáætlunin samræmist starfi leikskólans.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Starfsáætlunin mætti vera kjarnyrtari og einfaldari sem myndi gera hana aðgengilegri. Þannig yrði upplýsingaflæði til foreldra skilvirkara. Draga mætti saman svör úr töflum og gera úr þeim úrdrátt.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já þar koma fram allar helstu upplýsingar um starf leikskólans.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Það væri ráð að finna flöt á því að gera hana aðgengilegri. Upplýsingarnar eru gagnlegar fyrir foreldra og því væri betra að þær séu eins aðgengilegar og hægt er.

Fulltrúar í foreldraráði:

Eyrún Björg Guðmundsdóttir

Björn Þór Björnsson





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



